



Stofnanasamningur Fjölbrautaskóla Suðurlands og Kennarafélags Fjölbrautaskóla Suðurlands

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til alls starfsfólks Fjölbrautaskóla Suðurlands sem er í Félagi framhaldsskólakennara (FF) og Félagi stjórnenda (FS) innan Kennarasambands Íslands (KÍ). Samningurinn er hluti af gildandi kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs.

2. Markmið

Markmið stofnanasamningsins er að:

- færa ákvörðun um launasetningu starfa nær starfsvettvangi þar sem hægt er.
- bregðast hraðar við breytingum sem eiga sér stað á störfum og skipulagi stofnana og stuðla að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu stofnana.
- auka gæði þjónustu með því að efla samstarf starfsfólks og stjórnenda í FSu.
- launakerfið verði sveigjanlegt og gagnsætt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- ná fram launajafnrétti kynja.
- launakerfið verði starfsfólki hvatning til markvissrar vinnu og aukinna afkasta.
- launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsfólk sem hefur hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem skólanum er ætlað að sinna.
- framgangur nýliða sé hraður.
- umbunað sé fyrir starfsþróun starfsfólks.
- umbunað sé fyrir sérverkefni sem unnin eru innan stofnunarinnar.

Samningnum er ætlað að bæta rekstrarskipulag skólans, bæta nýtingu rekstrarfjármagns og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi. Þannig mun samningurinn veita starfsfólki tækifæri til bættra kjara og hvetja til þróunar í starfi.

3. Röðun starfa í launaflokka og persónubundnir þættir

Ef röðun skv. fyrri stofnanasamningi er hærri en þessi samningur kveður á um skal viðkomandi halda óbreyttum launaflokki og launaprepi þar til hann uppfyllir ákvæði samningsins um nýja röðun.

Við röðun í launaflokka er gengið út frá starfslýsingu, ábyrgð, hæfni, menntun og starfsreynslu.

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including "Björ", "SMS", and "SOS"]



3.1 Röðun leiðbeinanda í launaflokka

Leiðbeinandi án fullnægjandi fagmenntunar raðast í	launaf. 3
Leiðbeinandi með iðnmeistarapróf raðast í	launaf. 4
Leiðbeinandi með BA/BS próf raðast í	launaf. 4
Leiðbeinandi með MA/MS próf raðast í	launaf. 5
Leiðbeinandi með doktorspróf raðast í	launaf. 5, launaþr. 1

3.2 Áhrif menntunar á röðun kennara í launaflokka

Kennari með uppeldis- og kennslufræði	launaf. 5
Kennari með MEd/MT/MPed eða sambærilegt	launaf. 6
Kennari með MA/MS, með meistaragráðu í faginu	launaf. 6, launaþr. 1
Kennari með doktorsgráðu	launaf. 6, launaþr. 2

3.3 Áhrif starfsreynslu til hækkunar á röðun kennara/leiðbeinanda

Eftir 2 ár í starfi	1 launaf.
Eftir 4 ár í starfi	1 launaf.
Eftir 6 ár í starfi	1 launaf.
Eftir 10 ár í starfi	1 launaf.
Eftir 14 ár í starfi	1 launaf.
Eftir 20 ár í starfi	1 launaf.

Kennslureynsla af grunn-, framhalds- og háskólastigi er metin til fulls.

Heimilt er að meta starfsreynslu af almennum vinnumarkaði til launa sem starfsreynslu í upphafi starfs. Hér er átt við sértæka, fagbundna starfsreynslu sem nýtist skólanum og á við reynslu að sveinsprófi/háskólanámi loknu. Miðað er við að tvö ár í öðrum störfum samsvari einu ári í kennslu. Þó skal önnur starfsreynsla aldrei metin hærra en átta ára kennslureynsla.

3.4 Viðmið um röðun starfa (þeirra sem ekki seldu kennsluafslátt 2001) í launaflokka við yfirfærslu í nýtt launakerfi og áhrif starfsreynslu til hækkunar á röðun:

Leiðbeinandi án fullnægjandi fagmenntunar raðast í	launaf. 3
Leiðbeinandi með háskólapróf/fagmenntun raðast í	launaf. 4
Leyfisbréf til kennslu á framhaldsskólastigi	1 launaf.
Eftir 2 ár í starfi	1 launaf.
Eftir 6 ár í starfi	1 launaf.
Vegna aðlögunar að nýrri launatöflu	1 launaþr.
Eftir 20 ár í starfi	1 launaþr.

3.5 Röðun náms- og starfsráðgjafa í launaflokka

Náms- og starfsráðgjafi með diplóma í námsráðgjöf grunnraðast í	launaf. 7, launaþr. 1
Náms- og starfsráðgjafi með MA í námsráðgjöf grunnraðast í	launaf. 8, launaþr. 1



Áhrif starfsreynslu til hækkunar á röðun náms- og starfsráðgjafa:

Eftir 2 ár í starfi	1 launafl.
Eftir 4 ár í starfi	1 launafl.
Eftir 6 ár í starfi	1 launafl.
Eftir 10 ár í starfi	1 launafl.
Eftir 14 ár í starfi	1 launafl.
Eftir 20 ár í starfi	1 launaþr.

3.6 Röðun stjórnenda í launaflokka

Aðstoðarskólameistari grunnraðast í	launafl. 14, launaþr. 1
Áfangastjóri grunnraðast í	launafl. 13, launaþr. 1
Sviðsstjóri sérnámsbrautar grunnraðast í	launafl. 11, launaþr. 1

Áhrif starfsreynslu til hækkunar á röðun stjórnenda í launaflokka:

Eftir 2 ár í stjórnun	1 launafl.
Eftir 6 ár í stjórnun	1 launafl.
Eftir 12 ár í stjórnun	1 launafl.
Eftir 14 ár í stjórnun	1 launaþr.
Eftir 20 ár í stjórnun	1 launaþr.

3.7 Röðun kennslustjóra í fangelsum í launaflokka

Kennslustjóri í fangelsum grunnraðast í	launafl. 10, launaþr. 1*
---	--------------------------

Samtals eru greiddir 786 tímar á ári fyrir kennslustjórn í fangelsum (í c-hluta vinnumats).

*Raðist kennari hærra en 10.1, þá heldur hann þeirri röðun.

Áhrif starfsreynslu til hækkunar á röðun kennslustjóra í launaflokka:

Eftir 2 ár sem kennslustjóri í starfi	1 launafl.
Eftir 4 ár sem kennslustjóri í starfi	1 launafl.
Eftir 6 ár sem kennslustjóri í starfi	1 launafl.
Eftir 10 ár sem kennslustjóri í starfi	1 launafl.
Eftir 14 ár sem kennslustjóri í starfi	1 launafl.
Eftir 20 ár sem kennslustjóri í starfi	1 launaþr.

3.8 Viðbótarmenntun

60 ECTS heildstætt viðbótarnám sem nýtist í starfi	1 launaþr.
Námsorlof/launalaust leyfi, heildstætt nám	1 launaþr.

Kennari/ráðgjafi/stjórnandi getur tekið eins árs launalaust leyfi til heildstæðs náms sem nýtist í starfi. Við endurkomu til starfa fær hann eitt launaþr. (sambærilegt við kennara sem lokið hafa launuðu námsleyfi). Þetta ákvæði gildir einu sinni á starfsferli viðkomandi við FSU hvort sem um er að ræða launað eða ólaunað leyfi.

[Handwritten signatures and initials]
SMS
200



4. Tímabundnir þættir

4.1 Sviðsstjórn námsgreina

Sviðsstjórn námsgreina er auglýst til þriggja ára í senn. Sviðsstjórar eru tveir og skipta þeir verkum eftir aðstæðum hverju sinni.

Sviðsstjóri

1 launafl. og 696 klst. á ári

4.2 Brautarstjórn

Brautarstjórn er auglýst til tveggja ára í senn.

Brautarstjóri húsasmíði

Samtals 72 klst. á ári

Brautarstjóri málmíðngreina

Samtals 72 klst. á ári

Brautarstjóri rafiðngreina

Samtals 72 klst. á ári

Brautarstjóri pípulagna

Samtals 12 klst. á ári

Brautarstjóri sjúkraliðabrautar

Samtals 24 klst. á ári

Brautarstjóri háriðnar

Samtals 24 klst. á ári

Brautarstjóri matvælagreina

Samtals 24 klst. á ári

4.3 Fagstjórn

Fagstjórn er auglýst til tveggja ára í senn.

Fagstjóri íþróttar

Samtals 54 klst. á ári

Fagstjóri íslensku

Samtals 54 klst. á ári

Fagstjóri stærðfræði

Samtals 54 klst. á ári

Fagstjóri raungreina

Samtals 54 klst. á ári

Fagstjóri samfélags- og viðskiptagreina

Samtals 36 klst. á ári

Fagstjóri ensku

Samtals 36 klst. á ári

Fagstjóri skapandi greina **

Samtals 36 klst. á ári

Fagstjóri dönsku

Samtals 18 klst. á ári

Fagstjóri þriðju mála

Samtals 18 klst. á ári

Fagstjóri Braga ***

Samtals 54 klst. á ári

Fagstjóri ERGÓ

Samtals 36 klst. á ári

Fagstjóri námsráðgjafar

Samtals 36 klst. á ári

** MYN, NÝMI, HÖTE, TÖL, LEIK

*** Sérgreitt fyrir ÁTTU-fundi

4.4 Verkefnastjórn og sértæk verkefni

Verkefnastjórn er almennt auglýst til umsóknar fyrir félagsfólk KÍ til eins til þriggja ára í senn. Greitt er sérstaklega fyrir verkefnastjórn í formi vinnustunda (í C-hluta vinnumats). Skólameistara er heimilt að



framlengja ráðningartíma án auglýsingar einu sinni. Fela má kennara tímabundið verkefni sem greitt er fyrir eftir aðstæðum og fjárheimildum skólans og samið er um hverju sinni.

Sértæk verkefni

Stofu- og tækjaumsjón (MÁLM/HÚSA/RAFM)
Stofu- og tækjaumsjón (MYL/HÖNN)
Stofu- og tækjaumsjón (RAUN/HÁR/GMF/MAT)
Félagslífs- og forvarnarfulltrúi (2)
Jafnréttisfulltrúi
Kátudaganefnd (3)
Flóafársnefnd (3)
Alþjóðafulltrúi
Skipulag námsferðar erlendis

Fyrirkomulag greiðslu

15 klst. á ári
12 klst. á ári
10 klst. á ári
160 klst. á ári á mann
Skv. tímaskýrslu, allt að 36 klst. á ári
20 klst. á mann
20 klst. á mann
> 72 klst. á ári****
Skv. tímaskýrslu,
allt að 120 klst. annað hvert ár

**** Fer eftir umfangi verkefna hverju sinni.

4.5 Námsferð erlendis

Annað hvert ár kemur til greiðsla vegna sameiginlegra verkefna, námsferðar erlendis, sú greiðsla er reiknuð 1% af heildarlaunum KÍ starfsfólks við FSu. Með þessari samþykkt eru allar greiðslur vegna alúðar/frammistöðumats inni í launasetningu félagsfólks KÍ sem starfa við FSu. Sé ferð frestað bætist við 0,5% af heildarlaunum KÍ starfsfólks við FSu við hvert ár sem ferð er frestað. Ekki er hægt að fresta ferð nema samþykki beggja samningsaðila liggi fyrir.

4.6 Tímabundið launaprep fyrir starfsþróun

Starfsþróun hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu félagsfólks FF og FS og auka gæði í starfi. Félagsfólk getur sótt um tímabundið 1 launapr. til eins árs í senn fyrir starfsþróun sem svarar 65 klst. Starfsþróun felur m.a. í sér:

- einingabært nám, námskeið, formlegar starfendarannsóknir, þátttöku í formlegum þróunarverkefnum, ráðstefnur, fræðsluerindi, fyrirlestra og skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt.
- námskeið og fræðsluerindi á vegum skólans.
- námsferð FSu erlendis annað hvert ár, er metin til 20 klst.

Kennari sér alfarið um að halda utan um gögn sín sjálfur (staðfesting á þátttöku) og þarf að gera sér grein fyrir því fyrir fram hvort viðkomandi nám nýtist í starfi. Þegar safnast hafa samtals 65 klst. er gögnum skilað inn til aðstoðarskólameistara. Staðfesting á starfsþróun getur aldrei verið eldri en þriggja ára þegar henni er skilað inn.

Tvö skilátímabil:

- Fyrir 14. ágúst. Þrepið tekur gildi 1. ágúst.
- Fyrir 15. desember. Þrepið tekur gildi 1. febrúar.



5. Nýliðun, nýsköpun og starfsþróun

5.1 Nýliði

Tímabundin hækkun launa hjá nýjum leiðbeinanda/kennara (í að lágmarki 50% starfi) sem hefur ekki kennslureynslu. Hækkunin nemur einum launaflokki og gildir í tvö ár, með vísan til bókunar 2 frá 31. mars 2021.

5.2 Leiðsögn nýliða

Reyndur kennari/náms- og starfsráðgjafi sem tekur að sér að aðstoða nýjan leiðbeinanda/kennara/náms- og starfsráðgjafa fær greiddar 18 klst. á fyrstu önn nýliða í starfi eða 9 klst. á fyrstu önn kennara með kennslureynslu af öðrum skólastigum, með vísan til bókunar 2 frá 31. mars 2021.

5.3 Fagefningarsjóður

Fagefningarsjóði er ætlað að úthluta verkefnastyrkjum sem veittir eru til einnar eða tveggja anna. Verkefnin skulu nýtast skólanum í kennslufræðilegu og kennslutengdu tilliti. Með styrkjum úr sjóðnum fær félagsfólk FF og FS tækifæri til að vinna að framþróun, nýsköpun og samþættingu í tengslum við nám og/eða kennslu, með vísan til bókunar 2 frá 31. mars 2021.

Stjórn fagefningarsjóðs er skipuð þremur félögum FF/FS og þremur skipuðum af skólameistara. Stjórn sjóðsins setur úthlutunarreglur og auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn að hausti. Styrkþegum ber að kynna afrakstur verkefna í lok skólaárs.

5.4 Skólaþróunarteymi

Samkvæmt kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og KÍ frá 25. febrúar 2025 skal hver framhaldsskóli skipa skólaþróunarteymi. Í FSu eru þrír fulltrúar kennara skv. tilnefningu KFSu og eru þeir kjörnir til tveggja ára í senn. Fyrir setu í teyminu greiðist eitt launaþr. og 18 klst. á ári (í C-hluta vinnumats).

5.5 Viðmið um leyfisveitingar vegna starfsþróunar og persónulegra þátta

Leyfi vegna réttindanáms og starfsþróunar

Skólinn veitir starfsfólki launað leyfi:

- til að sækja námskeið eða stunda réttinda- og framhaldsnám í sinni kennslugrein eða á því sviði sem þeir vinna við innan skólans.
- vegna reglulegs náms starfsmanns eru að hámarki fimm virkir dagar á önn.
- vegna styttri námskeiða starfsmanns eru að hámarki fjórir virkir dagar á skólaári.

Miðað er við að launuð leyfi fari ekki yfir fimm virka daga á önn.

Starfsfólk skal haga námi sínu þannig að það valdi sem minnstri röskun á skólastarfinu.



Leyfi vegna persónulegra þátta

Viðmið um leyfi sem veitt eru á starfstíma skóla og tengjast einkamálum starfsfólks:

- Veitt eru leyfi vegna sérstakra aðstæðna starfsfólks.
- Hafi leyfi áhrif á kennslu hjá viðkomandi starfsmanni skal hann sjá til þess að nemendur fái þá þjónustu sem til er ætlast.
- Þurfi forfallakennara skal viðkomandi starfsmaður útvega hann og greiða laun hans.
- Ekki er ætlast til að fenginn sé forfallakennari standi leyfið aðeins í einn dag.

6. Samstarfsnefnd

Með vísan í grein 11.4 í kjarasamningi (2014) um skipan, hlutverk og starfshætti samstarfsnefnda er kveðið svo á um að hjá stofnunum ríkisins skulu starfa samstarfsnefndir, sem skipaðar eru allt að þremur fulltrúum frá hvorum aðila, þ.e. stéttarfélagi/starfsfólki og stofnun. KFSu kys á aðalfundi þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd og jafn marga til vara. Stofnunin tilnefnir þrjá fulltrúa.

6.1 Hlutverk

Hlutverk samstarfsnefnda er að annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi skv. kjarasamningi. Einnig skal samið um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Nefndin á einnig að fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings. Í kjarasamningi er nánar fjallað um starfshætti samstarfsnefnda vegna gerðar/endurskoðunar stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Stofnanasamning skal endurskoðaður á tveggja ára fresti.

6.2 Meðferð ágreiningsmála

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings til nefndarinnar. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundum svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindum innan fimm vikna frá því sem þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðarmótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

6.3 Sáttanefnd

Ef ekki næst samkomulag um ágreiningsefni í samstarfsnefnd skal skjóta þeim til sáttanefndar skv. kjarasamningi.

Sáttanefnd skal skipuð sex fulltrúum. Fjármálaráðuneytið og KÍ tilnefna hvort um sig þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Sáttanefnd skal taka fyrir þau mál sem til hennar er vísað. Ákvarðanir sáttanefndar skulu taka mið af fjárheimildum stofnana. Nefndinni er heimilt að taka til umfjöllunar mál er varða stefnumarkandi túlkningar og álitaefni er snerta framkvæmd og þróun kjarasamninga.

[Handwritten signatures and initials]
SMS
805



Beina skal erindum til sáttanefndar með skriflegum hætti. Sáttanefndarfundi skal koma á svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Sáttanefnd skal svara erindum innan fimm vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar.

Sáttanefnd setur sér að öðru leyti starfsreglur.

7. Gildistími

Samningur þessi nær til alls starfsfólks Fjölbrautaskóla Suðurlands sem fær greidd laun samkvæmt samningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs annars vegar og Kennarasambands Íslands hins vegar. Samningurinn gildir frá 28. maí 2026 til 27. maí 2028.

Selfossi 28. maí 2026

Soffia Sveinsdóttir
skólameistari

Ester Yr. Jónsdóttir
framhaldsskólakennari

Sigursveinn Sigurðsson
aðstoðarskólameistari

Guðmundur Björgvin Gylfason
framhaldsskólakennari

Haraldur Eiríksson
fjármálastjóri

Jóhann Snorri Bjarnason
framhaldsskólakennari/trúnaðarmaður